

kosningaréttar og kjörgengis til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga. Þá ber að dæma hann til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sæmundur Guðmundsson, sæti fangelsi 3 mánuði. Hann er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. marz 1960.

Nr. 203/1959. **Magni Guðmundsson** (Sigurður Ólason hrl.)
 gegn
bæjarsjóði Reykjavíkur
 (Guðmundur V. Jósefsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur bótaskyldur af þeim sökum, að stjórnendur Reykjavíkurbæjar hafi ekki látið áfrýjanda í té leigulóð undir íbúðarhús. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur hér fyrir dómi eins og í héraði reist kröfu sína á því, að stjórn Reykjavíkurbæjar hafi brigðað við hann loforð eða loforðsigildi um að fá honum til afnota leigulóð

í landi bæjarins. Svo sem greint er í héraðsdómi, hefur áfrýjandi árum saman sent bæjaryfirvöldum umsóknir um leigulóð undir íbúðarhús, en ekki hefur hann í máli þessu leitt sönnur að því, að stjórn bæjarins hafi lofað að láta honum slíka lóð í té. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. f. m., hefur Magni Guðmundsson framkvæmdarstjóri, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. febrúar 1958, gegn borgarstjóra Reykjavíkur fyrir hönd bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 250.000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins var að ósk lögmanna aðilja og eftir ákvörðun dómara málinu skipt, sbr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936, þannig, að það var þá aðeins flutt um skaðabótaskyldu stefnda.

Hefur stefnandi í þessum þætti málsins krafizt þess, að stefndi verði dæmdur skaðabótaskyldur gagnvart honum og jafnframt dæmdur til að greiða honum málskostnað, að því er þenna þátt varðar. Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Stefnandi reisir kröfu sína um skaðabótaskyldu stefnda á því, að bæjaryfirvöld Reykjavíkur hafi látið hann standa í þeirri trú árum saman, að hann fengi sér úthlutað byggingarlóð undir íbúðarhús handa sér og fjölskyldu sinni, án þess þó að nokkrar efndir yrðu þar á, og hafi þetta bakað honum stórkostlegt fjárhagstjón.

Nánari atvik kveður stefnandi þau, að hann hafi árlega, allt frá árinu 1952 og fram á árið 1958, sótt til bæjaryfirvalda um lóð undir íbúðarhús fyrir sig og fjölskyldu sína og þá jafnan gert fulla grein fyrir nauðsyn slíkrar byggingar fyrir hann, svo

og að fjárfestingarleyfi, fjárhagsgeta og önnur skilyrði væru fyrir hendi. Þrátt fyrir þetta hafi hann aldrei fengið neina úrlausn þessara mála og aldrei hreint svar, hvorki játandi né neitandi, einungis lausleg vilyrði munnleg, en engar efndir. Telur hann sig hafa átt heimtingu á svari á annanhvorn veginn, og mundi hann ekki hafa um það sakast, þótt neitandi væri. Hins vegar hafi áðurgreind aðferð bæjaryfirvaldanna, að svara ekki beint, en gefa innantóm vilyrði hvað eftir annað, orðið til þess, að hann hafi í falskri von um að fá lóð sífellt dregið á langinn að haga húsnæðismálum sínum og fjárfestingu á annan veg, meðan peningar á hinn bóginn hafi hríðfallið að verðgildi, og hafi þetta að sjálfsögðu bakað honum stórkostlegt tjón, bæði beint og óbeint.

Þá telur stefnandi, að hann hafi verið beittur hinum mestu rangindum, er nálgist hreina valdníðslu, þar eð í hundruðum tilfella hafi byggingarlóðum verið úthlutað til annarra, sem minni þörf hafi haft og síðar sótt en hann um slíka fyrirgreiðslu.

Stefndi reisir kröfu sína í fyrsta lagi á því, að engin allsherjarskylda hvíli á bæjarstjórn um að sinna öllum lóðarumsóknum, enda væri það ekki unnt. Þá hljóti bæjarstjórn að vega og meta, hverjum umsækjenda hún leigi lóðir bæjarins, eftir því sem þær verða hæfar til bygginga. Loks mótmælir stefndi því, að stefnanda hafi verið gefin neins konar fyrirheit eða vilyrði fyrir byggingarlóð.

Það verður að fallast á það með stefnda, að það sé á valdi bæjaryfirvalda að ákveða, hverjum lóðir bæjarins eru leigðar, og ætla verður, að við þær ákvarðanir sé farið eftir ákveðnum reglum og þá meðal annars gætt sanngirnisþjónarmiða. Í málinu er allsendis ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir misbeitingu að þessu leyti, enda var skaðabótaskylda stefnda, eins og áður er fram komið, ekki studd þeim rökum við munnlegan flutning málsins.

Í málinu liggja fyrir endurrit af nokkrum umsóknum stefnanda um lóð undir íbúðarhús. Hin fyrsta er dagsett 15. maí 1953 og stíluð til Guðmundar Vignis, skrifstofustjóra hjá bæjarverkefnafræðingi. Er í umsókn þessari vísað til umsóknar í marz s. á. um lóð undir einbýlishús við Laugarás og þess jafnframt getið, að fjárfestingarleyfi sé nú fengið. Þá tekur stefnandi fram, að við úthlutun óski hann að fá slíka lóð, er geri honum fært að hafa bílskúr, og getur þess, að hann hafi einkum augastað á lóð að ofan (austanverðu) við lokaða götu suður af Sundlaugavegi.

Um þörf sína til byggingar íbúðarhúss segir stefnandi, að hann búi í 46 fermetra þakíbúð við Laugaveg, eldhús sé á gangi, ekkert bað eða þvottahús og fjölskyldan séu þau hjónin og 4 börn á aldrinum þriggja mánaða til 9 ára. Þá getur stefnandi þess, að engin afgirt lóð sé þarna, svo að börnin séu í sífelldum háska vegna hinnar miklu umferðar um Laugavegin. Loks sé veitingarekstur á tveim hæðum hússins, og stafi margskonar leiðindi og óþægindi af sumum gestanna.

Næsta umsókn, er hér liggur fyrir, er dagsett 11. júní 1955 og stíluð til bæjarráðs. Þar sækir stefnandi um lóð undir einbýlishús á svæði neðan Laugarásvegar milli Múlavegar og Holtavegar eða milli Sundlaugavegar og Múlavegar. Þá bendir hann á, að hann hafi sótt um lóð undir einbýlishús snemma árs 1952, aftur árið 1953 og enn árið 1954, en ekki fengið neina lóð enn þá, þrátt fyrir það þótt hann á sínum tíma hafi haft fjárfestingarleyfi. Loks ítrekar hann þörf sína fyrir byggingu íbúðarhúss.

Þriðja umsókn stefnanda er dagsett 4. marz 1957 og einnig stíluð til bæjarráðs. Vísar hann í henni til umsóknar um lóð, er hann hafi sent á árinu 1956, auk áður talinna umsókna. Skorar stefnandi á bæjarráð að taka umsókn hans til afgreiðslu þegar í stað og veita honum lóð eða vilyrði fyrir lóð eigi síðar en í lok mánaðarins.

Fjórða og síðasta umsókn stefnanda, sem hér liggur fyrir, er dagsett 2. janúar 1958 og stíluð til áðurnefnds Guðmundar Vignis. Bendir hann á, að hann hafi árlega síðan 1953 sótt um byggengarlóð undir einbýlishús og á því ári fengið fjárfestingarleyfi fyrir slíku húsi, og hafi hann sent beiðni um endurnýjun leyfisins í 5. sinn.

Í málinu kemur fram, að stefnandi fékk engin skrifleg svör frá hlutaðeigandi bæjaryfirvöldum við umsóknum þeim, sem hér að framan eru raktar, né heldur þeim umsóknum, er ekki liggja hér fyrir, en hann samkvæmt framansögðu virðist hafa sent. Virðast það óhæfilegir afgreiðsluhættir a. m. k. fyrir umsækjandann. Hins vegar kemur og fram, að stefnandi virðist hafa fylgt með lóðarúthlutun hverju sinni og þannig orðið ljóst um afgreiðslu hverrar einstakrar lóðarumsóknar hans, enda endurnýjar hann umsóknir sínar árlega, svo sem að framan er rakið. Þá er það eftir gögnum málsins allsendis ósannað, að stefnanda hafi nokkru sinni verið gefið vilyrði, hvað þá loforð, af þar til bærum bæjaryfirvöldum, um að hann fengi leigða lóð hjá bænum undir íbúðarhús, og er því trú hans á því, að svo

myndi verða, úr lausu lofti gripin. Þar með eru fallin rök þau, er stefnandi reisir skaðabótaskyldu stefnda á. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í þessum þætti málsins, en eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Vegna mikilla anna við borgardómaraembættið í sambandi við byrjun þingleyfis 1. þ. m., hefur dómur eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Magna Guðmundssonar, í þessum þætti málsins.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. marz 1960.

Nr. 31/1960. Trygging h/f
gegn

Óskari J. Þorlákssyni og
Rögnu Björnsson.

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son og Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
Theodór B. Línðal.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. febrúar 1960, er barst dóminum hinn 8. þ. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja Óskari J. Þorlákssyni hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Varnaraðili Ragna Björnsson krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja.